

Ár 2001, miðvikudaginn 12. september var af Yfirlasteignamatsnefnd í málínu nr. 4/2001 kveðinn upp svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR

Með bréfi dags. 11. maí 2001 var af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, kt. 550698-2349, vísað til úrskurðar Yfirlasteignamatsnefndar, ágreiningi við Rafmagnsveitum ríkisins, kt. 520269-2669, um greiðslu fasteignaskatts af fasteignum Skeiðsfossvirkjunar í Fljótum.

Sveitarfélagið krefst þess *aðallega* að Yfirlasteignamatsnefnd úrskurði að Rafmagnsveitum ríkisins sé skyldt að greiða fasteignaskatt og önnur opinber gjöld skv. ákvæðum laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 98/1935 um virkjun Fljótár eins og henni var breytt með lögum nr. 36/1985, af öllum fasteignum sem tilheyra Skeiðsfossvirkjun og rekstri hennar.

*Til vara* er krafist úrskurðar yfirlasteignamatsnefndar um skyldu Rafmagnsveitna ríkisins til að greiða fasteignaskatt og önnur opinber gjöld, skv. áðurgreindum lagaákvæðum, af öllum húseignum sem tilheyra Skeiðsfossvirkjun og rekstri hennar.

Á fylgiblaði með ofannefndu bréfi eru eignir þær sem kæran varðar nánar tilgreindar. Um málavexti, málsástæður og lagarök segir í bréfinu:

Helstu málavextir eru þeir að til skamms tíma átti Rafveita Siglufjarðar og rak Skeiðsfossvirkjun í Fljótum. Um byggingu virkjunarinnar voru á sínum tíma sett lög nr. 98/1935, um virkjun Fljótaár. Með lögum nr. 36/1985 var sérstaklega aukið við fyrrgreindu löginn ákvæði í 2. mgr. 5. gr. um skyldu Skeiðsfossvirkjunar til að greiða opinber gjöld til ríkisins og/eða sveitarfélaga. Kveður ákvæðið á um undanþágu virkjunarinnar til greiðslu þar til greindra opinberra gjalda en í 2. ml. ákvæðisins segir: "Þó skal Skeiðsfossvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum virkjunarinnar skv. öðrum lagafyrirmælum." Á grundvelli þessa ákvæðis innheimti forveri Sveitarfélagsins Skagafjarðar fasteignaskatt af eignum Skeiðsfossvirkjunar og greiddi Rafveita Siglufjarðar þau gjöld.

Fyrir nokkrum árum keypti Rarik Rafveitu Siglufjarðar og fylgdi Skeiðsfossvirkjun með í þeim kaupum. Í kjölfar þessa kom upp ágreiningur milli umbj. míns og Rarik um skyldu Rarik til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum Skeiðsfossvirkjunar. Hefur Rarik synjað um greiðslu skattsns og borið fyrir sig ákvæði 80. gr. orkulaga nr. 58/1967 sem veiti Rarik undanþágu frá greiðslu hvers kyns skatta og opinberra gjalda til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

Af hálfu umbj. míns er litið svo á að ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 98/1935, eins og því var breytt með 1. gr. laga nr. 36/1985, gangi fram ákvæði 80. gr. orkulaga og sé Rarik samkvæmt því skyldt að greiða lögbundinn fasteignaskatt af þeim fasteignum sem tilheyra Skeiðsfossvirkjun og rekstri hennar. Sú afstaða styðst við almenn lögskýringarsjónarmið og skal nú gerð nánari grein fyrir því:

Annars vegar er á því byggt af hálfu umbj. míns að umrætt ákvæði laga nr. 98/1935, með síðari breytingum, sé sérákvæði gagnvart hinu almenna ákvæði 80. gr. orkulaga. Ljóst er að Alþingi hefur ákvæðið, með setningu sérstakra laga, að greiða skuli af fasteignum Skeiðsfossvirkjunar þau opinberu gjöld sem lög gera ráð fyrir, burtséð frá almennum undanþágum virkjunarinnar til greiðslu slíksra gjalda. Er um þetta efni vísað nánar til meðfylgjandi lögskýringargagna vegna setningar laga nr. 36/1985 en í þeim endurspeglast einkar skýrlega sá vilji löggjafans sem hér er lýst. Um greiðslu opinberra gjalda til sveitarfélaga af Skeiðsfossvirkjun gilda þannig einfaldlega sérstök lög og víska þau almennum

undanþágum Rarik frá greiðslu opinberra gjalda til hliðar. Engu breytir í þessu tilfelli þótt Rarik hafi ekki verið eigandi umræddrar virkjunar þegar framangreint ákvæði laga nr. 36/1985 var felt í lög enda yfirtekur Rarik þau réttindi og þær lögbundnu skyldur sem hvíldu á fyrri eiganda virkjunarinnar.

Hins vegar og samhlíða er á því byggt að 2. mgr. 5. gr. laga nr. 98/1935, með síðari breytingum, gangi framar 80. gr. orkulaga á grundvelli þess löngu viðurkennda lögskýringarsjónarmiðs að yngri lög gangi framar eldri lögum. Bent er á að ákvæði 80. gr. orkulaga hefur staðið óbreytt að því leyti sem snertir ágreiningsefni þessa máls, frá setningu orkulaga árið 1967. Jafnframt er bent á að almenn undanþága Skeiðsfossvirkjunar frá greiðslu opinberra gjald, sbr. 1. ml. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 98/1935 er sambærileg þeiri undanþágu í 80. gr. orkulaga sem Rarik byggir greiðslusynjun sína á. Regla 2. ml. 2. mgr. 5. gr. laganna felur því í sér sérstakt fyrirkomulag á greiðslu opinberra gjalda af fasteignum Skeiðsfossvirkjunar, hvort sem miðað er við undanþágu hennar að öðru leyti eða almenna undanþágu á grundvelli 80. gr. orkulaga. Með sama hætti og áður breytir það engu um réttarstöðuna að þessu leyti að Skeiðsfossvirkjun var á þeim tíma sem lög nr. 36/1985 voru sett í eigu Rafveitu Siglufjarðar.

Umbj. minn telur skv. framansögðu engan vafa leika á skyldu Rarik til að greiða fasteignaskatt af fasteignum Skeiðsfossvirkjunar. Af hálfu umbj. míns er litið svo á að greiðsluskyldan taki til allra fasteigna sem virkjuninni tilheyra, og nýttar eru í rekstri hennar eða í hennar þágu að öðru leyti. Tekur skyldan skv. þessu til greiðslu fasteignaskatts af öllum húsum sem reist hafa verið vegna virkjunarinnar og jarða sem keyptar hafa verið, m.a. til að tryggja stakkunarmöguleika virkjunarinnar í framtíðinni, eða tengjast með öðrum hætti rekstri hennar. Lýtur aðalkrafa umbj. míns í málinu að greiðslu fasteignaskatts af öllum framangreindum verðmætum. Meðfylgjandi er skrá yfir þær fasteignir sem heyra til reksturs virkjunarinnar.

Verði ekki á þetta fallist er varakrafa umbj. míns á því byggð að hvað sem öðru lífi hljóti skylda eiganda Skeiðsfossvirkjunar að lágmarki að standa til greiðslu fasteignaskatts af þeim húsum sem nýtt eru við rekstur virkjunarinnar.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 30. maí 2001 eftir umsögn Rafmagnsveitna ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 2. júli 2001. Þar segir:

“Kröfur: Rarik krefst þess að Yfirfasteignanefnd úrskurði, að Rarik sé ekki skylt að greiða fasteignaskatt eða önnur opinber gjöld samkvæmt ákvæðum laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár, eins og henni var breytt með lögum nr. 36/1985, hvorki af þeim fasteignum sem tilheyra Skeiðsfossvirkjun og rekstri hennar né þeim húseignum sem tilheyra Skeiðsfossvirkjun og rekstri hennar.

Málsástæður og lagarök:

Lögskýringarsjónarmiðum þeim sem fram koma í greinargerð lögmanns Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er hér mótmælt og telur Rarik að þau eigi ekki við rök að styðjast.

Orkulög nr. 58/1967, hafa að geyma ótvírett og skýrt lagaákvæði um undanþágu Rarik á greiðslu tiltekinna opinberra gjalda en samkvæmt 80. gr. laganna er skýrt tekið fram að Rarik sé undanþegið greiðslu tekjuskatts, útsvars, aðstöðugjalds, stimpilgjalds og öðrum sköttum til ríkis, sveitar og bæjarfélaga.

Orkulög nr. 58/1967, eru sérloð og framangreint ákvæði 80. gr. laganna er sérregla sem er ætlað að gilda á ákveðnu afmörkuðu sviði og er ætlað að marka starfssvið þeirra stofnana sem þar eru tilgreindar, þ.á m. Rarik.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 eru almenn lög sem marka skattskyldu aðila gagnvart sveitarfélögum. Sérregla í lögum gengur framar almennum lögum skv. viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum, nema það sé sérstaklega tekið fram í almennu lögnum að sérregla sé felld úr gildi.

Þessi lögskýring ætti að vera ágreiningslaus milli aðila enda hefur hún fengist staðfest fyrir dómistónum, sbr. dóm Hæstaréttar frá árið 1979, (Hrd. 1979.219). Í því máli reyndi á túlkun 80. gr. orkulaga gagnvart þágildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8/1972, á nákvæmlega sama hátt og ágreiningsmál þetta fjallar um. Ær hér vísað almennt til dómsins og þá til forsendna og niðurstöðu héraðsdómsins, á bls. 223 í dómarsafninu en í niðurstöðu hans er að finna viðurkenndar lögskýringar á tengsl almennrar lagareglu gagnvart sérreglu í lögum. Niðurstaða héraðsdóms um að sérregla 80. gr. orkulaga gangi framar almennum lögum um tekjustofna sveitarfélaga og rökstuðningur hans, er staðfest óbreytt í Hæstarétti.

Hvað varðar tengsl 80. gr. orkulaga við lög 98/1935 um virkjun Fljótaár, með síðari breytingum, vill Rarik taka eftirsarandi fram:

Við skoðun á umræðum á Alþingi þegar frumvarp að breytingu á lögum nr. 98/1935 var lagt fram, (sem síðar varð að lögum 36/1985), er ljóst, að tilgangur frumvarpsins var fyrst og fremst sá, að gera Rafveitu Siglufjarðar jafnsetta og önnur orkufyrirtæki í landinu, svo sem Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Hitaveitu Suðurnesja o.fl., varðandi skattamál. Í umræðunum kemur enn fremur fram, að Rafmagnsveitur ríkisins njóti sérstöðu og enn viðtækari fríðinda í skattamálum en fyrnefnd orkufyrirtæki og er vísað til 77. gr. orkulaga sem þá gilti um þessi málefni.

Tilgangur frumvarpsins var því að samræma skattareglur Rafveitu Siglufjarðar á þeim tíma sem hún átti Skeiðsfossvirkjun, við skattareglur annarra orkufyrirtækja nema Rarik. Það leiðir af almennum lögskýringarreglum, að réttarstaða Rarik breytist ekki og 80. gr. orkulaga verður ekki túkuð upp á nýtt og á annan hátt, þó svo Rarik hafi eignast Skeiðsfossvirkjun. Þó svo tilgreint ákvæði laga nr. 36/1985, sé yngra en ákvæði orkulaga, var tilgangur laganna ekki sá að breyta réttarstöðu Rarik heldur að samræma réttarstöðu Rafveitu Siglufjarðar gagnvart öðrum orkufyrirtækjum, eins og áður sagði.”

## Niðurstaða

Af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar er þess aðallega krafist að Yfirfasteignamatsnefnd úrskurði að Rafmagnsveitum ríkisins sé skyld að greiða fasteignaskatt og önnur opinber gjöld skv. ákvæðum laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum af öllum fasteignum sem tilheyra Skeiðsfossvirkjun og rekstri hennar.

Samkvæmt 3. ml. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 sker Yfirfasteignamatsnefnd úr verði ágreiningur um gjaldskyldu fasteignaskatts. Hins vegar á nefndin ekki úrskurðarvald um skyldu til greiðslu annarra opinberra gjalda samkvæmt lögunum.

Samkvæmt yfirliti um fasteignir sem fylgdi kærubréfi og upplýsingum sem aflað hefur verið úr veðmálabókum varðar kieran Skeiðsfossvirkjun og aðrar fasteignir í eigu Rafmagnsveitna ríkisins sem áður voru í eigu Rafmagnsveitu Siglufjarðar eða Siglufjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt 80. gr. orkulaga nr. 58/1967 eru Rafmagnsveitur ríkisins undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjald, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Ákvæðið hefur verið talið fela í sér að Rafmagnsveitur ríkisins séu undanþegnar greiðslu fasteignaskatts, sbr. hrd. 1979/219.


Í lögum nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár er í 2. mgr. 5. gr. mælt fyrir um skattskyldu Skeiðsfossvirkjunar. Ákvæðið kom inn í lögini með breytingarlögum nr. 36/1985. Í athugasemnum í greinargerð segir m.a.: “Með frumvarpi þessu er að því stefnt að gera

Rafveitu Siglufjarðar, sem rekur Skeiðsfossvirkjun í Fljótum, jafnt setta, að því er varðar greiðslu opinberra gjalda, öðrum orkufyrirtækum, sbr. 16. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun....” Síðan segir í athugasemendum: “Geta ber þess að Rafmagnsveitur ríkisins njóta enn víðtækari friðinda í þessu efni heldur en nefndar orkuveitur, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins eru einnig undanþegnar opinberum gjöldum af húseignum sínum sbr. 77. gr. orkulaga nr. 58/1967” (nú 80. gr. orkulaga).


Með hliðsjón af framanrituðu verður eigi ráðið að ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár, sbr. lög nr. 36/1985, víki til hliðar undanþágu Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt 80. gr. orkulaga að greiða fasteignaskatt. Sömu sjónarmið gilda bæði hvað varðar aðalkröfu og varakröfu. Samkvæmt því er Rafmagnsveitum ríkisins ekki skylt að svara fasteignaskatti af fasteignum þeim sem kærar varðar.

#### ÚRSKURÐARORD:

Ekki er skylt að greiða fasteignaskatt af Skeiðsfossvirkjun eða öðrum fasteignum í eigu Rafmagnsveitna ríkisins sem kæruna varðar.

  
Pétur Steánsson

  
Guðný Björnsdóttir

  
Guðmundur Magnússon